



Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjóvgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lifi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristi krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt. <i>Hallgrímur Pétursson</i>
--	--

Blessun

Eftirspil

Draumalandið

Jón Trausti - Sigfús Einarsson

Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Söngur: Kammerkór Akraneskirkju

Einsöngur: Erla Björg Káradóttir

Útfararþjónusta Akraneskirkju

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

**Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni
að athöfn lokinni**



Þuríður Þórðardóttir

Fædd 3. febrúar 1954

Dáin 5. mars 2023



*Útför frá Akraneskirkju
þriðjudaginn 21. mars 2023*

Forspil
Ísland er land þitt
Magnús Þór Sigmundsson

Bæn

Sælir eru þeir menn sem finna,
sem hjá þér finna styrkleik
og öll þeirra þrá,
er að ganga veg þinn.
Er þeir ganga gegnum táradalinn,
breytist hann í tærar lindir,
haustregnið hylur hann
blessun endalaust, blessun endalaust.
Á göngu fá þeir kraft, fá þeir kraft,
uns ganga þeir fram fyrir Guð á Síon.
Haustregnið hylur hann
blessun endalaust, blessun endalaust.
Ókunnur höfundur - Sálmur 84.6-8

Ritningarorð

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti' af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartapeili hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.
Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson

Ritningarorð

Eitthvað stórkostlegt, eitthvað gott.
Allan minn biturleik þú tókst á brott.
Allt, sem ég gat boðið þér,
var niðurbrotin sál
en eitthvað stórkostlegt
þú gerðir úr mér þá.
Bill Gather

Guðspjall

Í kvöld er allt svo kyrrt og hljótt,
því komin er nú bráðum nótt.
∴ Á hörpu mína leik ég lag,
og lofa hann sem gaf mér dag. ∴

Ó, heyrið vinið, hlustið á,
nú hjartans dyr sig opnað fá.
∴ Og vinur segir vini frá,
þeim vonum sem að hjartað á. ∴

Nú hætti ég mína hörpu að slá,
því hvílu minni vil ég ná.
∴ Nú gefi ykkur góða nótt,
vor Guð, að sofið vært og rótt. ∴
Norskur söngur - Jóhanes Sigurðsson

Minningarorð

Þegar lít ég liðinn tíma
sé ég ljós, sem aðeins bærast,
þar ég þekki lampa mína,
þá sem augað tæpast sér.
En nú bið ég til þín, Herra,
því mig langar til að verða
ljós, sem lýsir hér í heimi,
lampi tendraður af þér.

Hjálpa mér að græða sárin
hans sem liggur einn við veginn.
Hjálpa mér að þerra tárin
þeirra sem að sorgir hrjá.
Hjálpa mér að styrkja veika,
glæða lítt logandi kveika.
Hjálpa mér að rækja sjúka
þá sem aðrir flýja frá.
*Ralf Charmichael –
Guðni Einarsson*

Bæn / Faðir vor

Heyr mína bæn, mildasti blær.
Berðu kveðju mína' yfir höf.
Syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermír þú sól
vörum mjúkum, kysstu hans brá.
Ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sigur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mína bænir og þrár.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sigur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.
Niza - Ólafur Gaukur Þórhallsson

Moldun